

Mál nr. 260/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Ökumanns- og eigendatryggingar.

Bifreið bakkað á ljósastaur. Ágreiningur um orsakatengsl og líkamstjón þ. 16.2.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.30.7.2013 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 13.8.2013 ásamt ljósmyndum

Málsatvik.

M segist hafa bakkað bifreið sinni utan í ljósastaur og orðið fyrir líkamstjóni vegna þess og krefst bóta. M krefst bóta úr ökumanns og eigendatryggingu sinni hjá V og telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni við umferðaróhappið. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að einkenni M verði rakin til umferðaróhappsins þ. 16.2.2011. V bendir á að M hafi ekki leitað læknis í kjölfar umferðaróhappsins en hins vegar endurtekið vegna hnykks sem M fékk á bakið 9.3.2011, en umrætt umferðaróhapp sé fyrst nefnt í gögnum þ. 29.11.2011. Þá vísar V einnig til vottorðs læknis dags. 31.3.2013 þar sem segir að mögulega geti verið að það atvik sem hér ræðir um geti verið meðvirkandi þáttur í mjóbakseinkennum M þrátt fyrir að ekki hafi verið leitað til læknis fyrst eftir slysið. Þá vísar V til þess að engin samtímagögn liggja fyrir um meiðsli M í kjölfar ákeysrslunnar á ljósastaurinn en M eigi hins vegar sögu um verki í baki.

Álit.

Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli umferðaróhappsins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirbyggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar bifreiðar sinnar í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðatryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ökumanns- og eigendatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 10.9.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.